

**Nd.**

**969. Nefndarálit**

[475. mál]

um frv. til l. um ríkislögmann.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á síðari árum hefur orðið sú þróun að löglærðir menn í fjármálaráðuneyti hafa í vaxandi mæli flutt mál fyrir ríki og ríkisstofnanir. Þetta eru venjur sem hafa myndast í samræmi við ríkjandi tíðaranda en þurfa ekki að hafa frambúðargildi. Tilgangur frumvarps þessa er fyrst og fremst að staðfesta þann sið sem þannig hefur mótast, m. a. með setningu reglugerðar 6. mars 1984 sem kveður á um starfssvið „ríkislögmanns“. Samkvæmt greinargerð virðist reyndar svo sem **frumvarpið sé flutt til staðfestingar á reglugerðinni.**

Starfshættir stjórnarráðs og ríkisstofnana hljóta að vera í sífelldri endurskoðun og það er nauðsynlegt að tryggja olnbogarými fyrir tilraunir, breytingar og aðlögun í samræmi við þarfir og hugmyndir hvers tíma.

Að mati undirritaðs er því rangt að binda í lög starfsskipulag á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessari lagasetningu er verið að leggja grunn að útpenslu ríkiskerfisins og geirnegla starfshætti þess.

Undirritaður leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. maí 1985.  
Guðmundur Einarsson,  
fundaskr.